

## REGLUR

### um nám til M.S.-prófs í lyfjafræði við lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

##### *Um námið.*

Lyfjafræðideild veitir kennslu til M.S.-prófs í lyfjafræði. Prófið er embættispróf í lyfjafræði. Kennsla fer fram í námskeiðum sem metnar eru til námseininga (e). Nám í lyfjafræði til M.S.-prófs jafngildir 63e (126 ECTS) þar af 15e (30 ECTS) rannsóknarverkefni.

#### 2. gr.

##### *Inntökuskilyrði.*

Aðgang að lyfjafræðinámi til M.S.-prófs hafa þeir sem lokið hafa B.S.-prófi í lyfjafræði við Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi í lyfjafræði frá öðrum viðurkenndum háskóla. Til þess að hefja M.S.-námið í lyfjafræði þarf að lágmarki meðaleinkunnina 6,0 í fyrrnefndu grunnnámi.

#### 3. gr.

##### *Námsframvinda.*

Nemanda er ekki heimilt að hefja nám í tilteknu námskeiði lyfjafræðideildar án þess að hafa lokið prófi í þeim námskeiðum, sem tilgreind eru í kennsluskrá sem nauðsynlegir undanfarar þess. Þó er deild heimilt að víkja frá þessari reglu í sérstökum tilvikum. Til þess að hefja vinnu við meistaraverkefni skal nemandi hafa lokið a.m.k. 20e (40 ECTS) í M.S.-námi í lyfjafræði.

#### 4. gr.

##### *Hámarks lengd náms.*

M.S.-prófi skal lokið ekki seinna en 3 árum eftir að nemandi innritast í námið.

#### 5. gr.

##### *Einkunnir.*

Til að standast próf í M.S.-námi í lyfjafræði verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 5,0 í hverju námskeiði um sig auk allra námskeiðshluta í einstökum námskeiðum. Sjá nánar í 5. og 6. mgr. 123. gr. í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Meðaleinkunn úr öllum námskeiðum skal ekki vera lægri en 6,0.

#### 6. gr.

##### *Meistaraverkefni.*

Rannsóknarverkefni til meistaraprófs er 15e (30 ECTS) og skal að jafnaði unnið á síðasta misseri meistaránámsins. Verkefnið samsvarar a.m.k. 15 vikna fullri vinnu af hálfu nemanda. Meistaránámsnefnd lyfjafræðideildar fer með málefni meistaraverkefna í umboði deildarráðs. Nánar er kveðið á um val á rannsóknarverkefni, leiðbeinanda, prófdómurum, frágang ritgerðar og meistaravörn í sérreglum lyfjafræðideildar.

7. gr.

*Tengsl við aðra háskóla.*

Nemendur geta tekið hluta meistaranámsins við aðra háskóla að undangengnu samþykki meistaranámsnefndar lyfjafræðideildar.

8. gr.

*Lærdómstitlar.*

Að loknu M.S.-námi í lyfjafræði hlýtur nemandinn lærdómstitilinn *Master of Science in Pharmacy* (M.S. Pharm.).

9. gr.

*Gildissvið.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi lyfjafræðideildar og hlotið staðfestingu háskólaráðs sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Reglur um nám til kandídatprófs í lyfjafræði (cand. pharm.) gilda um stúdenta sem innrituðu sig til grunnnáms samkvæmt eldri skipan lyfjafræðináms sbr. ákvæði til bráðabirgða við reglur nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands. Lyfjafræðideild er þó heimilt að fallast á beiðni stúdents um að nýrri reglur gildi um nám hans.

*Háskóla Íslands, 26. mars 2007.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

---

*Þórður Kristinsson.*